

26. október 2016

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á þriðja ársfjórðungi 2016:

Flutningur höfuðstöðva og samkeppni á farsímamarkaði hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu

Árshlutareikningur Fjarskipta hf. fyrir þriðja ársfjórðung 2016 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 26. október 2016.

- Tekjur námu 3.443 m.kr. og standa í stað m.v. þriðja ársfjórðung 2015
- Framlegð 1.657 m.kr., lækkun um 5% miðað við sama tímabil 2015
- EBITDA hagnaður nam 927 m. kr., lækkun um 10% milli ára
- EBITDA hlutfall 26,9% og EBIT hlutfall 16,8% á fjórðungnum
- Hagnaður tímabilsins nam 391 m.kr. sem er 22% lækkun frá þriðja ársfjórðungi 2015
- Eiginfjárlutfall nam 45,1%
- EBITDA horfur fyrir árið færðar niður og eru nú áætlaðar í kringum 3,1 milljarður fyrir árið 2016

Lykiltöluyfirlit:

	3F 2016	3F 2015	Breyt.	% breyt.	9M 2016	9M 2015	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.443	3.433	10	0%	10.205	10.092	113	1%
Kostnaðarverð	1.786	1.689	97	6%	5.402	5.235	167	3%
Framlegð	1.657	1.744	-87	-5%	4.803	4.857	-55	-1%
Rekstrarkostnaður	1.080	1.043	37	4%	3.498	3.307	191	6%
EBITDA	927	1.026	-99	-10%	2.346	2.521	-175	-7%
EBIT	577	701	-124	-18%	1.305	1.550	-245	-16%
Hrein fjármagnsgjöld	90	75	15	20%	262	256	6	2%
Hagnaður tímabilsins	391	502	-111	-22%	837	1.038	-201	-19%
<i>Framlegð (%)</i>	<i>48,1%</i>	<i>50,8%</i>			<i>47,1%</i>	<i>48,1%</i>		
<i>EBITDA %</i>	<i>26,9%</i>	<i>29,9%</i>			<i>23,0%</i>	<i>25,0%</i>		
<i>EBIT %</i>	<i>16,8%</i>	<i>20,4%</i>			<i>12,8%</i>	<i>15,4%</i>		

Stefán Sigurðsson, forstjóri:

„Rekstur Fjarskipta hf. á þriðja fjórðungi varð fyrir áhrifum af flutningum félagsins, samkeppni og verðlækkunum á farsímamarkaði á fyrri hluta ársins. Einskiptiskostnaður vegna húsnæðismála nam 50 milljónum króna, einkum í tengslum við flutninga og skil á eldri höfuðstöðvum í Skútuvogi en einnig undirbúning nýrra höfuðstöðva við Suðurlandsbraut. Lækkun í framlegð á fjórðungnum kemur einnig að nokkrum hluta til vegna einskiptisliða við kaup á efni til styrkingar sjónvarpsþjónustu félagsins og gefur því ekki góða mynd af framtíðarþróun félagsins. Meðaltekjur af viðskiptavinum, bæði einstaklingum og fyrirtækjum, lækkuðu og höfðu áhrif á tekjuvöxt á fjórðungnum þrátt fyrir góða fjölgun viðskiptavina það sem af er árs. Áhrif hagræðingaraðgerða sem hófust á fyrsta ársfjórðungi héldu áfram að skila árangri. Aukning launakostnaðar félagsins á fjórðungnum á milli ára er t.a.m. innan við helmingur af hækkun launavísitölu á ársgrundvelli.


Ofangreint og fyrirjáanlegur einskiptiskostnaður vegna skoðunar félagsins á mögulegum kaupum á ljósvaka- og fjarskiptahluta 365 gerir að verkum að félagið lækkar nú EBITDA horfur þannig að þær verða nú í kringum 3,1 milljarður fyrir árið.

Áhrif kjarasamningshækkana, lækkunar verðs á farsímamarkaði á Íslandi og Færeyjum og húsnæðismála eru metin yfir 400 milljónir króna á fyrstu níu mánaðum ársins sem höfðu á endanum áhrif á EBITDA horfur ársins.

Þrátt fyrir lækkun EBITDA horfa er útlit fyrir að ýmis verkefni sem fyrirtækið hefur unnið að muni hafa jákvæð áhrif á árinu 2017. Lægri starfsmannakostnaður mun hafa jákvæð áhrif á næsta ári, húsnæðiskostnaður félagsins mun dragast saman frá byrjun árs og hagræðing í tengslum við Sendafélagið mun hafa aukin áhrif þegar líður á árið. Horfur félagsins fyrir árið 2017 verða kynntar í heild sinni þegar þær liggja fyrir.

Félagið vinnur enn að áreiðanleikakönnun á ljósvakamiðlum og fjarskiptastarfsemi 365. Gert er ráð fyrir niðurstöðu í þeim viðræðum á fjórðungnum.“

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2012





Rekstrarafkoma á 3. ársfjórðungi 2016:

Tekjur samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi 2016 námu 3.443 m.kr. og standa í stað miðað við sama tímabil 2015. Tekjur af sjónvarpi jukust um 10% á milli ára og námu 499 m.kr. á tímabilinu. Vöxtur sjónvarpstekna hefur haldið áfram í smásölu en tekjur af heildsölu lækkuðu vegna breytinga á dreifingu hjá aðila í sjónvarpsrekstri. Tekjur af interneti námu 880 m.kr. á þriðja ársfjórðungi og stóðu í stað á milli ára. Helstu ástæður fyrir að hægt hefur á vexti internet-tekna tengjast heildsöluviðskiptavinum sem hættu í viðskiptum. Þetta hefur þó ekki mikil áhrif á EBITDA félagsins vegna endursamninga við birgja á sama tímabili. Tekjur af vörusölu námu 339 m.kr. á tímabilinu sem samsvarar 7% aukningu miðað við sama ársfjórðung 2015. Aðrar tekjur námu 186 m.kr. á ársfjórðungnum og jukust um 21% milli ára. Tekjur samstæðunnar af farsíma námu 1.229 m.kr. og lækkuðu um 4% í samanburði við sama tímabil í fyrra. Farsímatekjur í Færeyjum drógust saman um 47 m.kr í samanburði við sama tímabil í fyrra en höfðu lægri áhrif á EBITDA en áður vegna lægri kostnaðar á fjórðungnum.

Á þriðja ársfjórðungi nam framlegð félagsins 1.657 m.kr., sem er lækkun um 87 m.kr. miðað við sama ársfjórðung 2015. Lækkun framlegðar er meiri en hún hefði annars verið vegna einskiptiskostnaðar í tengslum við kaup á efni til styrkingar sjónvarpsþjónustu félagsins og gefur því ekki nákvæma mynd af framtíðarþróun. Rekstrarkostnaður nam 1.080 m.kr. á þriðja ársfjórðungi sem er aukning um 37 m.kr. eða 4% á milli ára. Án einskiptisliða vegna húsnæðiskostnaðar hefði rekstrarkostnaður félagsins lækkað. Hagræðingaraðgerðir fyrr á árinu gera að verkum að launakostnaður félagsins er mun lægri en þróun launavísitölu á milli ára og hefur árangur þannig náðst í að mæta stórum hluta hækkana vegna kjarasamninga.

EBITDA hagnaður tímabilsins nam 927 m.kr. sem er lækkun um 10% eða 99 m.kr. miðað við sama fjórðung árið 2015. EBITDA hlutfall tímabilsins var 26,9% og EBIT hlutfall 16,8%. Á Íslandi lækkar EBITDA á milli ára um 85 m.kr., þar af 50 m.kr. vegna einskiptisliða í tengslum við flutninga, og 16 m.kr. í Færeyjum.

Hrein fjármagnsgjöld námu 90 m.kr. á þriðja ársfjórðungi sem er hækkun um 20% á milli ára. Aukningin er öðru fremur vegna hærri vaxtagjalda.


Hagnaður fyrir tekjuskatt á þriðja ársfjórðungi 2016 nam 487 m.kr. sem er 139 m.kr. lækkun frá sama tímabili 2015. Reiknaður tekjuskattur á ársfjórðungnum var 96 m.kr. Hagnaður ársfjórðungsins nam 391 m.kr.

Sjóðstreymi 3. ársfjórðungs 2016

Á þriðja fjórðungi ársins 2016 nam handbært fé frá rekstri 928 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu 491 m.kr. á tímabilinu, einkum vegna fjárfestingar í rekstrarfjármunum, sem er hækkun um 56% miðað við sama tímabil 2015.

Fjármögnunarahreyfingar félagsins námu 276 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2016, sem er 96 m.kr. lægra en á sama tímabili 2015. Kaupum félagsins á eigin bréfum í samræmi við nýja endurkaupaáætlun (sbr. tilkynningu dags. 1. júní 2016) lauk undir lok tímabilsins og höfðu þá numið 243 m.kr. á þriðja ársfjórðungi. Handbært fé í lok þriðja ársfjórðungs nam 372 m.kr.

Mynd 2: Sjóðstreymi á 3F 2016
Breytingar á tímabilinu



Efnahagur 30. september 2016:

Í lok þriðja ársfjórðungs 2016 var efnahagur Fjarskipta hf. áfram sterkur. Eigið fé í lok tímabilsins var 6.879 m.kr. Eiginfjárlutfall var 45,1%. Heildarskuldir samstæðunnar námu 8.382 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 5.782 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,9. Veltufjárlutfall var áfram 1,4.

Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á tímabilinu:

- Tilkynnt var um einkaviðræður Fjarskipta hf. við 365 miðla hf. í lok ágúst (sbr. tilkynningu til kauphallar dags. 31. ágúst 2016) um möguleg kaup á því síðarnefnda að stórum hluta. Viðræður standa yfir en kaupin eru háð ýmsum forsendum og fyrirvörum. Gert er ráð fyrir niðurstöðu um möguleg kaup á fjórða fjórðungi sem myndi þá vera lögð fyrir eftirlitsaðila.
- Á þriðja ársfjórðungi var unnið að frekari útbreiðslu á 4G þjónustuvæði Vodafone, meðal annars með uppbyggingu á Ströndum og Vestfjörðum. Nær 4G þjónustuvæði félagsins nú til ríflega 95% landsmanna. Vodafone hóf jafnframt forsölu á 1000 Mb/s tengingum yfir ljósleiðara Gagnaveitu Reykjavíkur á tímabilinu.
- Lokið var við flutninga úr Skútuvogi 2 í tímabundnar höfuðstöðvar að Ármúla 13a á þriðja ársfjórðungi en fyrirhugað er að flytja í nýjar höfuðstöðvar að Suðurlandsbraut 8, fyrri hluta árs 2017 (sbr. tilkynningu til kauphallar dags. 15. apríl 2016).
- Stjórn samþykkti aðra endurkaupaáætlun í júní 2016, samkvæmt áætluninni máttu endurkaup félagsins nema að hámarki 300 m.kr. að kaupvirði á tímabilinu 1. júní til 30. september 2016. Endurkaupin samkvæmt framangreindri endurkaupaáætlun námu 66.513.410 kr. að nafnverði og kaupverðið 300 m. kr.
- Staða dómsmála sem áður hefur verið fjallað um er að mestu óbreytt, bæði þeirra sem fyrirtækið hefur haft frumkvæði að og þeirra sem beinast að félaginu. Að öðru leyti vísast til skýringar númer 11 um ágreiningsmál í árshlutareikningi.



Horfur fyrir afkomu á árinu 2016

- EBITDA horfur fyrir rekstrarárið 2016 eru nú í kringum 3,1 milljarður króna en voru áður 3,2 til 3,4 milljarðar króna.
- Fjárfestingarhlutfall er áfram áætlað á bilinu 10,5% til 11,2%.

Kynningarfundur 27. október 2016:

Opinn kynningarfundur vegna uppgjörins verður haldinn fimmtudaginn 27. október 2016. Fundurinn fer fram á Hótel Íslandi, Ármúla 9 (gengið inn að austanverðu), 108 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 8:30 en boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8:00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni <https://vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl/uppgjorskynning/>

Fjárhagsdagatal 2016:

- | | |
|----------------------------------|------------------|
| ✓ Uppgjör 4F og ársuppgjör 2016 | 15. febrúar 2017 |
| ✓ Aðalfundur Fjarskipta hf. 2017 | 16. mars 2017 |

Frekari upplýsingar:

- ✓ Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, almanna- og fjárfestatengill, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@vodafone.is eða í síma 669-9151.